



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Hvanneyri, 8. Júlí 2018

Berghlaup í Hítará - Minnispunktar

Inngangur

Aðfaranótt laugardagsins 7. júlí 2018 varð stórt berghlaup úr Fagradalsfjalli vestan Hítarár á Mýrum. Bergfyllan fyllti farveg Hítarár á rúmlega kílómeters kafla skammt ofan við Kattarfoss. Við þennan atburð stíflaðist farvegur árinna alveg með þeim afleiðingum að mjög lítið rennsli er í farveginum frá skriðufallinu að ármótum Tálma hliðarar Hítarár. Ofan skriðunnar fór fljótlega að myndast lón í farvegi Hítarár ofan stíflunnar og sunnudaginn 8. júlí fór áin að renna inn í nýjan farveg framhjá skriðunni og sameinast hliðaránni Tálma nálægt upptökum árinna. Ljóst er að ásynd Hítarár á Mýrum er gjörbreytt eftir þennan fordæmalaus atburð og á næstu vikum og mánuðum mun koma nánar í ljós áhrif á lífríki, fiskframleiðslu og veiði í ánni.

Sumarið 2017 fór fram ítarleg athugun á framleiðslugetu vatnasvæðisins með mati á búsvæðum árinna í tengslum við fyrirhugað arðskrármát og hjálpar sú vinna mjög við mat að meta líkleg áhrif af berghlaupinu á lífríki árinna.


Fiskstofnar

Hítará á Mýrum er í hópi með bestu veiðiám landsins. Lax er ríkjandi í veiðinýtingu í ánni, en veiði á sjóbleikju sem áður var umtalsverð, hefur hrunið undanfarin ár. Langtíma meðalveiði á laxi er 475 laxar, en laxveiði hefur vaxið mjög í ánni síðustu ár og er um 750 laxar undanfarin 15 ár (mynd 1). Áin er að jafnaði veidd með 6 stöngum frá ósi Hítarár að Hítarvatni og einnig er veitt í hliðaránni Tálma og Grjótá.

Áhrif berghlaups á framleiðslugetu Hítarár

Sumarið 2017 fór fram mat á búsvæðum Hítarár vegna arðskrármats í Veiðifélagi Hítarár. Hítará er flókið vatnasvæði með fjölmörgum hliðarám og lækjum. Aðaláin Hítará er 32,3 km að lengd og um 1 milljón fermetra að flatarmáli. Hliðarárnar eru alls 40,2 km að lengd og tæplega 500 þús. m². Lagt hefur verið mat á gæði farvega til fiskframleiðslu samkvæmt aðferðafræði sem beitt hefur verið við sambærilegar athuganir héraendis. Röskuð svæði ná frá ármótum Tálma og að efri enda lóns sem myndast hefir ofan við berghlaupið og er þetta svæði alls um 10 km að lengd. Þessi svæði eru að stærstum hluta á þurru og í lóninu sem myndast ofan við stífluna er ekki gert ráð fyrir góðum skilyrðum til framleiðslu laxaseiða, en lónið gæti

gagnast silungi. Áætlað er röskuð svæði séu um tæplega 30% af framleiðslugetu Hítará sjálfrar en um 20% af framleiðslugetu alls vatnasvæðisins (tafla 1). Nýr farvegur hefur myndast í Hítará frá neðri enda lónsins að ármótum Tálma. Óljóst er hver framleiðslugeta þessa farvegar verður í framtíðinni.



Mynd 1. Laxveiði í Hítará tímabilið 1974 til 2017.

Tafla 1. Mat á framleiðslugetu Hítarár og minnkun á framleiðslugetu vegna berghlaupsins.

Svæði	Lengd (m)	Flatarmál (m ²)	FE
Hítará	32.291	1.009.794	19.201
Hliðarár	40.209	447.623	8.538
Samtals	72.500	1.457.416	27.739
Raskað	9.961	256.065	5.540
% raskað	13,7	17,6	20,0

Áhrif á laxveiði

Á raskaða svæðinu eru 8 veiðistaðir neðan Kattarfoss og um 10 skráðir veiðistaðir ofan Kattarfoss. Í Hítará eru ríflega 100 skráðir veiðistaðir. Ekki liggja fyrir aðgengilegar upplýsingar um veiði í þessum stöðum. Á vatnasvæðinu er veitt með 6 stöngum og því minnkar aðgengi veiðimanna verulega að veiðistöðum eftir berghlaupið. Óvíst er hvort einhverjir veiðistaðir myndist með tíð og tíma í nýja farveginum, eða hvort aukið rennsli í Tálma breyti þar aðstæðum til veiða. Búast má við því skollitun verði nokkuð meðan að nýr farvegur er að mótast og einnig gæti bakkarof átt sér stað vegna aukins rennslis í Tálma. Slíkt getur haft neikvæð áhrif á aðstæður til veiða. Til lengri tíma litið er líklegt að laxgengd og laxveiði minnki í takt við minni framleiðslugetu árinna.

Mótvægisáðgerðir

1. Veiða og sleppa. Því er beint til Veiðifélag Hítarár, leigutaka árinna og veiðimanna að sleppa laxi í auknum mæli í veiðinni til að styrkja hrygningarstofn árinna.
2. Gönguseiðum verði sleppt í ána frá og með árinu 2020 til að auka laxgengd vegna minnkunar á náttúrulegri framleiðslu. Komið verði fyrir klakkistum á neðri svæði árinna í samráði við SVFR og veiðimenn.
3. Fylgst verði vel með því hvort aukið rennsli í Tálma hafi áhrif á fiskför upp Tálmafossa. Ef svo er þarf að bregðast við því t.d. með fleygun á fiskveg við fossana.
4. Skoðað verði hvort unnt verði að búa til nýja veiðistaði og er þá sérstaklega horft til Tálma.
5. Stækkun uppeldissvæða er að einhverju leyti möguleg. Rafstöðvastífla ofarlega í Melsár stöðvar þar fiskför og mætti fjarlægja. Einnig mætti skoða fiskvegagerð í Grjóta.

Vöktun og rannsóknir

Í kjölfar þessa miklu atburða sem breytt hafa ásyn Hítarár er mikilvægt að vakta lífríki árinna og tryggja að tiltæk búsvæði nýtist sem best til að hámarka afrakstrursgetu þeirra. Hafrannsóknastofnun mun að sjálfsögðu áfram vera tiltæk vegna rannsókna og ráðgjafar veiðifélagi og leigutökum.

F.h. Hafrannsóknastofnunar



Sigurður Már Einarsson fiskifræðingur